



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

***Lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Miklabraut 101, 108 Reykjavík***

Vísað er til erindis Lyfjastofnunar dags. 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um nýtt lyfsöluleyfi með vísan til 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Skrifstofa borgarstjórnar vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa sem fjallaði um erindið á afgreiðslufundi sínum 14. september sl. og gerði ekki skipulagslegar athugasemdir.

Mælt er með því að borgarráð veiti jákvæða umsögn um erindið, bæði staðsetningu og afgreiðslutíma með vísan til niðurstöðu skipulagsfulltrúa.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Þóroddsson  
Skrifstofa borgarstjórnar

Hjálagt:

Erindi Lyfjastofnunar, dags. 28. ágúst 2023

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. september 2023

Borgarstjórn Reykjavíkur  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28.8.2023  
Tilvísun: 09.01 Lyfsöluleyfi  
Málsnúmer: M-2023-08-3526

### Efni: Umsagnarbeiðni - Nýtt lyfsöluleyfi

Lyfjastofnun barst 14. ágúst sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Miklubraut 101, 108 Reykjavík.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 **skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar.** Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 18. september nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,  
Viðar Guðjohnsen

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

# Undirritunarsíða

Viðar Helgi Guðjohnsen

Reykjavík, 14. September 2023

## Umsögn Skipulagsfulltrúa - Miklabraut 101 Nýtt lyfjasöluleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2023 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. ágúst 2023, þar sem umsagnarbeiðni Lyfjastofnunar, dags. 28. ágúst 2023, vegna umsóknar um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Miklubraut 101.



### Skipulag í gildi:

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin við Miklubraut 101 borgarhluta 5 Háaleiti – Bústaðir og er á skilgreindu miðsvæði M34b .

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag sem var samþykkt 26. September 2000, með síðari breytingum.

### Umsögn

Samkvæmt skipulagsreglugerð er miðsvæði skilgreind svona:

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Í borgarhluta 5 Háaleiti – Bústaðir búa 16.345 manns og nær borgarhlutinn yfir nokkuð stórt svæði.



# Reykjavík

5 lyfjabúðir eru í borgarhlutanum. Þær eru staðsettar: við Sogaveg 108, Háaleitisbraut 68, Efstaleiti 27b, Kringlunni 4-12 og Lágmúla 5. Ljóst er því að starfsemi lyfjabúðar á þessum stað myndi styrkja stöðu norðurhluta borgarhlutans en þar að auki er mikil umferð um miklubraut og því má telja að allir sem eiga leið hjá geti notið góðs af starfseminni. Samkvæmt skipulagi svæðisins er heimuluð starfsemi lyfjabúðar.



## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h. Skipulagsfulltrúa,

Birgittta Rut Skúladóttir Hjörvar